

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Selfoss, 21.11.2023
UST202301-249/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 18. september 2023 - Langanesbyggð, Bakkafjörður

Þann 18. september sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar í Bakkafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun varðandi eldri frávik sem samþykkt var þann 21. október 2022. Sömu frávik endurtaka sig nú frá fyrri eftirlitum og varða að skilum á einstaka liðum skráninga skortir úr innra eftirliti rekstraraðila og að skilum á þeim hafa ekki verið að berast innan tilskilins tímafrests. Úrbættum vegna þeirra hafa því ekki skilað árangri. Við eftirlit nú var hins vegar kominn nýr starfsmaður/tengiliður sem mun koma til með að halda utan um þau atriði. Með tilkomu nýs starfsmanns er mælt með því að hann fari vel yfir öll ákvæði starfsleyfis sem og þeim lögum og reglugerðum sem að því snúa.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Vantar inn skráningar á þáttum úr liðum 3, 4 ásamt hluta úr lið nr. 6 er snýr að vöktunarmælingum sem eiga að vera gerðar sbr. 4.2 í starfsleyfi varða samsetningu og magn yfirborðsvatns (rennsli).
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður allra skráninga sem teknar eru fram í grein 4.1 í starfsleyfi í skýrslu og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, varðandi undangengið almanaksár. Veðurfarsskráningum var skilað 23. maí sl., ásamt þeim, var hluta af skráningum skilað 20.júní og 27.júní sl., þ.e.a.s. á niðurstöðum brunnsýna og magntölum úrgangs.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. desember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur